



Reykjavík, 24. mars 2021
Fundargerð 224. fundar

Tilvísun: 2101002

Miðvikudaginn 24. mars var haldinn 224. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdarráð almannanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur, boðaður með skömmum fyrirvara vegna COVID-19 aðstæðna og hófst kl. 17:00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson og Ármann Kr. Ólafsson. Haraldur Sverrisson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri, Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, og Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Staðan

Boðað var til fundarins með skömmum fyrirvara, en sóttvarnayfirvöld og ríkisstjórnin tilkynntu á fjölmiðlafundi kl. 15:00 um hertar ráðstafanir vegna fjölgunar smita í þjóðfélaginu og að um sé að ræða breska afbrigðið.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Minnisblað sóttvarnalæknis og reglugerðir

Farið stuttlega yfir minnisblað sóttvarnalæknis og reglugerðir settar á grundvelli þess, annars vegar almenn reglugerð um takmörkun á samkomum og hins vegar um takmarkanir á skólastarfi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19, dags. 24. mars 2021.
- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 321, dags. 24. mars 2021.
- Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 191/2021 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 322, dags. 24. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Skólastarf

Helgi Grímsson fór yfir samráðsfund með menntamálaráðuneytinu og reglugerð um takmörkun á skólastafi. Grunn- og framhaldsskólar verða lokaðir frá og með miðnætti, en leikskólar opnir. Fara þarf yfir stöðuna í leikskólum, til hvaða sóttvarnaráðstafana þeir þurfa að grípa.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Önnur mál

Sveitarfélögin eru byrjuð að undirbúa ráðstafanir vegna takmarkana. Samráðsfundir verða um skóla- og íþróttamál, ásamt því að neyðarstjórnir sveitarfélaganna eru upplýstar og einhverjar þegar búnar að skipuleggja fundi.

Fundi slitið klukkan 17:45.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 26. mars.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19, dags. 24. mars 2021.
- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 321, dags. 24. mars 2021.
- Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 191/2021 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 322, dags. 24. mars 2021.